

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fjallalax ehf. (Arnarlax) Hallkelshólum Grímsnesi



Dags eftirlits	2.5.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Auður Eyberg Helgadóttir
Fyrirtæki	Fjallalax ehf. (Arnarlax)	Eftirlitsmaður	
Heimili	Strandgötu 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	670809-0720	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Kristine Aarnes	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	64.078823 -20.820848

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram í eftirlitinu fyrir árið 2024 1) Aðeins var framkvæmd ein sýnataka úr frárennsli við hámarkslífmassa. Rekstraraðili á að taka sýni tvisvar á ári frá inntaki og frárennsli í hámarks og lágmarkslífmassa. 2) Losun á fosfóri í frárennsli var yfir mörkum og reiknast 10,8 kg P/tonn. Losun á fosfóri má ekki fara yfir 7 kg P/tonn samkvæmt gr 3.4 í starfsleyfinu.

UMFANG EFTIRLITS

Þann 2. maí sl. fór fram reglubundið eftirlit án vettvangsheimsóknar hjá Fjallalaxi ehf. (Arnarlaxi) ehf, Hallkelshólum í Grímsnesi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi skýrsla. Starfsleyfið tekur til landeldis á laxfiskum. Hámarkslífmassa á hverjum tíma má ekki fara yfir 100 tonn.

Eftirlitið fólst í yfirferð þeirra gagna sem rekstraraðila ber að skila inn skv. starfsleyfi og reglugerðum.

Yfirfarin gögn eru:

- Grænt bókhald.
- Útstreymisbókhald.
- Ársyfirlit.
- Frárennslismæling.
- Eldri frávik og ábendingar.

- Grænt bókhald fyrir árið 2024, barst stofnuninni 15. apríl 2025, engar athugasemdir gerðar við bókhaldið.
- Útstreymisbókhald fyrir árið 2024, barst stofnuninni 15. apríl 2025. Losun á fosfóri reiknast út frá fóðri 10,4 kg P/tonn, sem er frávik frá grein 3.4 í starfsleyfi þar sem losun á fosfór má ekki fara yfir 7 kg P/tonn. Athygli er vakin á því að þetta er þriðja árið í röð sem fosfórslosunin er yfir mörkum starfsleyfis og er það frávik. Fyrsta frávikði vegna fosfórslosunar var sett fram árið 2022.
- Ársyfirlitið fyrir árið 2024, barst stofnuninni 15. apríl 2025. Sama athugasemd er gerð við ársyfirlitið og er í lið 2.
- Frárennslismæling barst stofnuninni 3. júlí 2024. Einungis var framkvæmd ein sýnataka fyrir árið 2024 sem er frávik frá starfsleyfi grein 4.3, þar sem kröfur gera um að rekstraraðili skal mæla losun tvisvar á ári, í hámarkslífmassa og lágmarkslífmassa.
- Tvö eldri frávik eru ennþá opin við eftirlit 2025. Fosfórslosun reiknast 10, 5 kg P/tonn út frá fóðri og var yfir mörkum starfsleyfis fyrir árið 2022. Fosfórslosun reiknast 10,8 kg P/tonn út frá fóðri og var yfir mörkum starfsleyfis fyrir árið 2023. Tvær eldri ábendingar eru frá síðasta eftirliti, óskað var eftir teikningum af frárennslislögnum í jörðu. Minnt var á kröfur reglugerð nr. 884/2017, grein 41, áfylliplanið þarf að vera tengt olíuskilju þar sem áfylling á bifreiðar fer fram. Árekstrarvarnir þurfi að vera til staðar við neyslugeyma.

Frávik frá

Lýsing á frávik

gr. 4.3 í starfsleyfi.

Taka skal sýni tvisvar á ári í hámarks- og lágmarkslífmassa og mæla efnainnihald vatns við inntak í stöðina og í útrás frárennslis. Sýni voru einungis tekin í hámarkslífmassa.

gr. 3.4 í starfsleyfi.

Losun fosfórs í viðtaka má ekki fara fram úr 7 kg/tonn af lífmassaaukingu á ári og 60 kg/tonn köfnunarefnis af lífmassaaukingu á ári. Fosfórslosunin reiknaðist 10,8 kg P/tonn.

ÁBENDINGAR

Ein ábending var gerð í eftirlitinu árið 2025 er varðar merkingar á sýnatöku niðurstöðum. Niðurstöðurnar voru merktar Eldisstöðinni Íspóri og Fjallalaxi, æskilegt er að niðurstöður sé merktar þeirri stöð sem sýnatakan á sér stað.

Reykjavík, 30.05.2025

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Auður Eyberg Helgadóttir